

Minnisblað

Alþingi
Erindi nr. P 135/174
komudagur 5.11.2007

Til: Samgöngunefndar Alþingis

Frá: Siglingastofnun *A. Ó.*


Dags: 05.10.2007

Varðar: Frumvarp til fjárlaga 2008. Fjárlagaliður 10-335 Sértekjur

Á fundi samgöngunefndar Alþingis þann 2. nóvember 2007 voru fulltrúar Siglingastofnunar spurðir um uppruna sértekna sem fjárlög gera ráð fyrir að stofnunin afli sér. Meðfylgjandi eru gildandi gjaldskrár stofnunarinnar og þar má finna hina ýmsu tekjupósta.

Um 60% teknanna eru vegna útseldrar sérfræðisþjónustu tæknimanna. Þar er um að ræða vinnu við tæknilegt og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum við hafnir í eigu sveitarfélaga og sjóvarnir, sem fá styrk úr ríkissjóði og einnig vinnu við sérhæfða hönnun þessara sömu mannvirkja. Þá fellur í þennan flokk útseld vinna tæknimanna sem annast yfirferð teikninga og útreikninga vegna nýsmíði, breytinga og innflutnings skipa. Aðrar tekjur eru af ýmsu tagi svo sem vegna skírteina, skipaskrár, starfsleyfa, veðurtöku fyrir Veðurstofuna o.fl.

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.

 [81/2007](#)

Nr. 81/2007

27. janúar 2007

GJALDSKRÁ

Siglingastofnunar Íslands.

I. KAFLI

Gjöld skv. 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

1. gr.

Gjöld fyrir skoðanir Siglingastofnunar á skipum og búnaði þeirra.

Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir skal eigandi skips greiða vegna undirbúnings skoðunar, skoðunar og frágangs skjala að skoðun lokinni samkvæmt þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar sem birt er á heimasíðu hennar. Gjald fyrir útgáfu haffærisskírteinis skal vera kr. 2.300. Jafnframt skal eigandi skips greiða fargjöld skoðunarmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma skoðunarmanns. Ef fleiri en eitt skip eru skoðuð í hverri ferð skoðunarmanns skiptist sameiginlegur kostnaður hlutfallslega.

Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins og skrá á íslenska skipaskrá fer með sama hætti og skv. 1. mgr. Fari skoðun fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Siglingastofnun skal endurkrefja skipseiganda um útlagðan kostnað vegna sérfræðiþjónustu sem stofnunin kaupir vegna skoðunar og eftirlits með skipum og búnaði þeirra.

Fyrir fljótandi ekjubrýr, flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá sem ekki eru háð árlegu eftirliti sem og skoðun flotkvía greiðist samkvæmt þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

2. gr.

Gjöld vegna útgáfu skírteina.

Fyrir útgáfu eftirtalinna skírteina skal greiða kr. 5.600, en fyrir framlengingu eða áritun þeirra greiðist kr. 3.300, en fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu skírteina greiðist skv. 1. mgr. 1. gr.:

Skírteini skv. rg. nr. 122/2004:

Öryggisskírteini fyrir fiskiskip

Undanþáguskírteini fyrir fiskiskip

Önnur skírteini

Skírteini skv. rg. nr. 666/2001:

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip

Önnur skírteini

Skírteini skv. rg. nr. 743/2001:

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum

Undanþáguskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum

Önnur skírteini

Skírteini skv. alþjóðasamningum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS):

Öryggisskírteini farþegaskips

Öryggisskírteini flutningaskips (smíði og búnaður, öryggisbúnaður, fjarskiptabúnaður)

Undanþáguskírteini

ISM DOC skírteini

ISM SMC skírteini

Öryggisskírteini fyrir flutningaskip

Undanþáguskírteini

Önnur skírteini

Önnur skírteini:

Alþjóðahleðslumerkjaskírteini

Undanþáguskírteini vegna hleðslumerkja

Alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini

FESI skírteini

SOPEP samþykkt öryggisáætlun

SOPEP samþykki á endurgerðri öryggisáætlun

3. gr.

Nýsmíðagjald.

Vegna skipa sem eru í smíðum skal greiða nýsmíðagjald. Fyrir yfirferð og samþykkt smíðalýsinga og teikninga, skipamælingar, yfirferð stöðugleikagagna og hleðslu- og stöðugleikaprófun, eftirlit með smíði skipsins, skoðun á skipi og búnaði þess og skráningu skips skal greiða nýsmíðagjald. Gjaldið skal miðast við framlagða vinnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar. Jafnframt skal greiða ferðakostnað og dagpeninga starfsmanna Siglingastofnunar Íslands vegna ferðalaga vegna nýsmíðinnar. Auk nýsmíðagjalds skal greiða fyrir skírteini og önnur skipsskjöl í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Gjaldið er innheimt að loknum hverjum verkþætti skv. framangreindri upptalningu.

Fari nýsmíði fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skírteina skipsins og skipsskjala. Verkkaupi skipasmíðar og eigandi skips að smíði lokinni eru sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu nýsmíðagjalds.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip til og með 500 bt. (brúttótonn)	14.800
Skip 501 bt. til og með 1.000 bt.	19.600
Skip 1.001 bt. til og með 2.000 bt.	24.600
Skip 2.001 bt. til og með 5.000 bt.	29.600

Hleðslumerkjaútreikningar skipa stærri en 5.000 bt. greiðast skv. þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

II. KAFLI

Gjöld skv. 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skipa og útgáfu skipsskjala skal greiða:

1. Íslenskt mælibréf og skráningarskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	kr. 6.500
2. Þjóðernisskírteini	10.900
3. Mælibréf	6.700
4. Staðfest afrit af mælibréfi, skírteini	1.300
5. Einkaleyfi á skipsnafni	38.300
6. Afskráning skipa	2.300
7. Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	2.200

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. gjaldskrá þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf gjald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningarskírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

III. KAFLI

Gjöld skv. 9. gr. laga um skipamælingar, nr. 146/2002.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

<i>Samkvæmt Oslóarsamþykkt:</i>	kr.
Fyrir opna báta	12.000
Þilfarsskip allt að 25 brl.	19.500
Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	27.200
Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	43.200
Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	65.900
Þilfarsskip 501 brl. til og með 1.600 brl.	93.700
Þilfarsskip 1.601 brl. til og með 5.000 brl.	124.100
Þilfarsskip 5.001 brl. og stærri greiðist skv. þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.	

Samkvæmt íslenskum mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969:

Flokkur	kr.
I. Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd	12.000
II. A Skip 15,01 m mesta lengd – 24,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis	55.800
II. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum	39.000
III. A Skip 24,01 m – 45,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	101.500
III. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	67.700
IV. A Skip 45,01 m – 60,0 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	141.400
IV. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	101.500
V. Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri. Greiðsla skv. þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	kr.
1. Fyrir skip til og með 45 m skráningarlengd	23.300
2. Fyrir skip yfir 45 m skráningarlengd	38.700

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

IV. KAFLI

Gjöld skv. 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

8. gr.

Skirteini vegna farþegaskipa og flutningaskipa.

	kr.
1. Útgáfa og endurnýjun alþjóðlegs atvinnuskirteinis (STCW) til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum	7.000
2. Útgáfa og endurnýjun áritunar vegna viðurkenningar á erlendu alþjóðlegu atvinnuskirteini (STCW) á farþegaskipum og flutningaskipum	7.000
3. Undanþága til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum til allt að 6 mánaða	5.500
4. Útgáfa öryggismönnunarskirteinis fyrir farþegaskip og flutningaskip	11.100

V. KAFLI

Gjöld skv. 6. gr. laga um köfun, nr. 31/1996.

9. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
1. Grunnjald skráðs köfunarbúnaðar (Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	8.100
2. Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	5.300
3. Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.900

10. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

kr.

1. Fyrir próf til A-réttinda	27.800
2. Fyrir próf til B-réttinda	27.800
3. Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	13.900
4. Fyrir önnur próf	9.100
5. Fyrir endurtökupróf	9.100

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

11. gr.

Gjöld vegna atvinnukafaraskírteina.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðist eftirtalið gjald:

	kr.
1. Fyrir útgáfu og endurnýjun atvinnukafaraskírteinis	7.000

VI. KAFLI

Gjöld skv. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

12. gr.

Frestur.

Fyrir veittan frest til þess að gangast undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila skal greiða kr. 2.300.

VII. KAFLI

Gjöld skv. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

13. gr.

Gjöld fyrir skírteini leiðsögumanns og hafnsögumanns.

Vegna útgáfu og endurnýjunar skírteina leiðsögumanns og hafnsögumanns greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Leiðsögumannsskírteini	7.000
2. Hafnsögumannsskírteini	7.000

14. gr.

Árgjald vegna sjálfvirks tilkynningar skyldukerfis skipa (STK).

Eigandi skips skal greiða árgjald kr. 7.500 fyrir þjónustu í sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa (STK) til að mæta kostnaði af rekstri þess. Siglingastofnun Íslands getur ákveðið að gjaldið skuli innheimt af vaktstöð

siglinga sem annast rekstur kerfisins.

VIII. KAFLI

Gjöld skv. 1. mgr. 9. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.

15. gr.

Siglingavernd.

	kr.
1. Staðfesting áhættumats	27.700
- endurnýjun á staðfestingu áhættumats	13.850
2. Staðfesting verndaráætlunar	38.700
- endurnýjun á staðfestingu verndaráætlunar	19.350
3. Námskeið fyrir verndarfulltrúa	55.400
4. Námskeið fyrir hafnargæslumenn	16.600
5. Skírteini hafnargæslumanns og verndarfulltrúa hafnar	6.000

Fyrir úttektir og árlegt eftirlit Siglingastofnunar vegna skipa- og hafnaverndar skal viðkomandi útgerðarmaður skips og höfn greiða samkvæmt útseldum taxta starfsmanns Siglingastofnunar. Jafnframt skal greiða fargjöld starfsmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma.

IX. KAFLI

Gjöld skv. lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

16. gr.

Önnur gjöld.

Eftirtalin gjöld skulu innheimt af starfsleyfum, atvinnuskírteinum og undanþágum. Þau skulu ekki gefin út nema greidd hafi verið gjöld skv. þessari grein:

1. <i>Starfsleyfi:</i>	kr.
Skoðunarstofur skipa og búnaðar (A-faggilding)	221.300
- árlegt eftirlitsgjald	55.400
Skoðunarstofur skipa og búnaðar (B-faggilding)	22.100
- árlegt eftirlitsgjald	11.100
Önnur starfsleyfi	10.800
Eftirlit með þjónustustöðvum gúmmíbjörgunarbáta - allt að 500 bátar	94.200
- gjald fyrir hverja 200 báta þar fram yfir	18.800
Farþegaleyfi skipa (haffærisskírteini innifalið)*	10.800
Farþegaleyfi skipa (haffærisskírteini ekki innifalið)*	9.000
Viðurkenningarskírteini skipsbúnaðar*	13.900
- endurnýjun	6.600
2. Atvinnuskírteini	7.000
3. Undanþága til starfa á fiskiskipum og öðrum skipum	

til allt að 6 mánaða	5.400
4. <i>Afgreiðslugjald vegna mönnunarnefndar skipa:</i>	
- Erindi um fjölgun eða fækkun í áhöfn	9.100
- Mat á starfstíma við vélstjórn	5.600

* Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess og annan undirbúning sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu starfsleyfa greiðist skv. þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

X. KAFLI

Önnur gjöld o.fl.

17. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. þjónustugjaldskrá stofnunarinnar.

18. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt þjónustugjaldskrá stofnunarinnar.

19. gr.

Innheimta.

Gjöld skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út í samræmi við gjaldskrá þessa og þjónustugjaldskrá stofnunarinnar.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum, 9. gr. laga um skipamælingar nr. 146/2002, 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, með síðari breytingum, 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996, 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, með síðari breytingum, 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003, lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, með síðari breytingum, og 1. mgr. 9. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 124/2006.

Samgönguráðuneytinu, 27. janúar 2007.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild - Útgáfud.: 9. febrúar 2007

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið - Stjórnartíðindi - Skuggasundi 3, 105 Reykjavík
Sími 545 9000 - Bréfasími 552 7340 - Netfang: stjornartidindi@dkm.stjr.is

Þjónustugjaldskrá Siglingastofnunar Íslands
nr. 2/2007

1. gr.

Almennt um gjaldtökuna.

Ef óskað er eftir almennum upplýsingum um lög, reglugerðir eða tækniupplýsingar, sem afgreiða má með símtali eða stuttu samtali þá er ekki innheimt endurgjald.

Fyrir ljósrit af skjölum, teikningum eða stöðugleikagögnum er innheimt gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Ef óskað er upplýsinga á grundvelli upplýsingalaga er innheimt gjald samkvæmt reglugerð nr. 838/2004.

Ef óskað er eftir að stofnunin vinni upplýsingar úr gögnum, sem þar eru skal innheimta fyrir slíkt samkvæmt útseldum taxa. Heimilt er að sleppa gjaldtöku taki verkefnið styttri tíma en 1.5 klst. Nýtist vinnan ennfremur stofnuninni eða hún er innt af hendi í tengslum við aðra beiðni viðskiptavinar mega forstöðumenn meta hvort og þá hvernig staðið skuli að gjaldtökunni. Lágmarksgjald er 1,0 klst. Gera skal verkbeiðanda grein fyrir gjaldtökunni fyrirfram og þá jafnframt áætlað hversu langan tíma verkið muni taka.

Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í útslutöxtum. Hann er ekki lagður á þjónustu við útgerðir.

Við útleigu stærri tækja, en þau eru sérmerkt í gjaldskránni, skal gerður leigusamningur.

2. gr.

Útslutaxtar starfsmanna.

Sérfræðiþjónusta A	8 900 kr.	Þjónusta A	3 600 kr.
Sérfræðiþjónusta B	7 850 kr.		
Sérfræðiþjónusta C	6 800 kr.	Þjónusta B	3 000 kr.
Sérfræðiþjónusta D	5 200 kr.	Verkamenn	1 600 kr.

3. gr.

Útleiga bifreiða og tækja.

<i>Bifreiðar :</i>	<i>Verð fyrir hvern kílómeter :</i>	
Fólks- og sendibifreiðar	68,00	kr.
Jeppar	85,00	kr.
Dodge Ram – jeppi	85,00	kr. Einnig daggjald 6000 kr.
Hver ferð fólksbifreiðar innanbæjar	1.400,00	kr.

<i>Tæki :</i>			
Leiga á öldudufli*	1 012 000 kr.	Árgjald	
Þátttaka í miðlun ölduupplýsinga*	75 700 kr.	Árgjald	2)
Borrobór og fleki	78 800 kr.	Daggjald	1)
Borrobór	46 900 kr.	Daggjald	1)
Fleki	31 900 kr.	Daggjald	1)
Sýnataki	9 600 kr.	Daggjald	1)
Bátur og vagn fyrir mælingar	42 400 kr.	Daggjald	1)
Mælingabúnaður - tæki	74 300 kr.	Daggjald	1)
Alstöð fyrir mælingar	2 500 kr.	Klst.	
Dráttarvél	12 400 kr.	Daggjald	1)
Gúmmibátur með mótór	17 700 kr.	Daggjald	1)
Átaksmælir	2 100 kr.	Klst.	
AVO - rafmagnsálagsmælir og taltæki	2 100 kr.	Klst.	
Þykktarmælingatæki	1 200 kr.	Klst.	
Þykktarmælingatæki (hljóðbylgjutæki)	2 100 kr.	Klst.	

*Gera skal leigusamning

1. Tækið er aðeins leigt út í heila daga og skal því jafnan fylgja starfsmaður stofnunar
2. Hafnir sem hafa 2 - 3 veðurstöðvar greiða 1,5 x gjald og þær sem hafa 4 eða fleiri greiða 2 x gjald.

4. gr.

Gjald fyrir ljósrit, skýrslur og annað.

<i>Ljósrit , annað en teikningar :</i>		<i>Krónur :</i>
A 4 (1 - 99 eintök)		23
A 4 (100 eða fleiri)		15
A 3		60
<i>Teikningar :</i>		
A 4		65
A 3		260
A 2		370
A 1		510
A 0		750
A 00		1 280
Skönnun teikninga (hver eining 30 mín)		3 325kr./ein.
Greitt er sérstaklega fyrir prentun		
<i>Mappa fyrir stöðugleikagögn</i>		370
<i>Loftmyndir</i>		7 500
<i>Skipaskrá :</i>		
Skrá yfir íslensk skip og báta		3 500
Aðgangur að skipaskrá - árgjald		16 500
Aðgangur að skipaskrá - notendur umfram einn - árgjald		3 300
Skipaskrá á tölvutæku formi til endurdreifingar		57 600
Upplýsingar úr skipaskrá á tölvutæku formi til einkanota		14 900
<i>Lögskráningarkerfi :</i>		
Sköðunaraðgangur að lög og réttindaskráningu sjómanna - árgjald		16 500
Sköðunaraðgangur að lög og		

<i>Annað :</i>	réttindaskráningu sjómanna umfram einn - árgjald.	3 300
	Lækningabók fyrir sjófarendur	4 500
	Stöðugleiki fiskiskipa	500
	Vinnuvistfræði fyrir sjómenn	500
	Öryggi sjómanna (DVD diskur vegna fiskiskipa)	1 000
	Öryggi sjómanna 2 (DVD diskur vegna smábáta)	500
	DVD diskur - Öryggi farþegaskipa	500
	Handbók lyfjakistu skipa	2 850
	Lausblaðapakki í handbók lyfjakistu skipa	1 900
	Handbók lyfjakistu skipa C (fyrir skip undir 15 m)	680
	Sjúkraskýrslur, 10 stk	113
	Olíudagbók	3 100
	Olíudagbók II	5 400
	Vatnspéttleiki skipa	1 700
	Siglingareglur	1 500
	Skipsdagbók	4 600
	Skipsdagbók II	1 050
	Skipsskjalamappa	2 000
	Skoðunarhandbók skemmtibáta	2 000
	Skýrsla um sjóvarnir	3 100
	Sorpdagbók	2 270
	Stjórn og sigling skipa	4 500
	Véladagbók	8 100
	Vitar á Íslandi	5 000
	Útskrift límmiðar, hver miði	2
	ÍST 30 með sérskilmálum Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar og Vegagerðar	3 100
	Proceedings of the Hornafjörður International Coastal Symposium, útg.1994	1 700
	Book of Abstracts, Second international Coastal Symposium, útg. 2005	1 700
	Reglugerð um öryggi fiskiskipa nr. 122/2004	1 000
	Reglugerð um öryggi farþegaskipa nr. 666/2001	1 000

5. gr.

Gjald vegna vita.

Leiga á aðstöðu fyrir tækjabúnað í vitum, grunnjald pr. tækjastæðu, mánaðargjald*
22 500

*Uppsetning og umfang tækja og loftneta er háð samþykki stofnunar.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. júlí 2007 og fellur þá jafnframt niður gjaldskrá
um sama efni nr. 1/2007, dags. 31. janúar 2007 og viðauka 1 dags 1. júní 2007.
Siglingastofnun Íslands, 28. júní 2007.

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri.